



Fundargerð 28. ágúst 2017

Fundur Bráðabirgðastjórnar Sósíalístaflökks Íslands, haldinn 28. ágúst í Bókasafni Dagsbrúnar, Þórunnartúni 2. Fundur hófst á boðuðum tíma eða klukkan 20:00.

Mætt voru úr stjórn Laufey Ólafsdóttir, Viðar Þorsteinsson, Sigurður H. Einarsson, Ásta Dís Guðjónsdóttir, Sanna Magdalena Mörtudóttir, Sólveig Anna Jónsdóttir og Gunnar Smári Egilsson. Fundinn sat einnig Katrín Baldursdóttir, flokksfélagi sem hefur starfað náið með stjórn síðustu vikur.

Fundargerð ritaði Viðar Þorsteinsson.

Fundarefni, umræður og samþykktir voru sem hér segir:

1 · Fundargerðir síðustu fundar

Engar athugasemdir voru gerðar við fundargerðir við síðustu tveggja funda (14. og 21. ágúst) og teljast þær samþykktar.

2 · Málefnaverfið

Katrín Baldursdóttir sagði frá starfinu í lýðræðishópnum á síðasta laugardag, þar sem opna samtalið fór fram. Eitthvað var um afföll í málefnaþópnum vegna veikinda. Framsögur hvers og eins sérfræðings voru ekki langar. Það var virk hlustun var í gangi hjá hópmeðlimum. Sigurður H. Einarsson tók undir að fyrirlesarar hefðu verið frábærir.

Heilbrigðismálin voru rædd í opnu samtali á sunnudag. Rætt var um einstaka fyrirlesara og kom fram sérstök ánægja með Sigrúnu Ólafsdóttur og Björn Loga Þórarinsson.

Benjamín Julian var fjarstaddur lokaðan fund lýðræðishópsins sem fór fram sama dag og sá Katrín um hann í staðinn. Í lýðræðishópnum var engin „reynslusaga“ frá utanaðkomandi aðila en þess í stað sagði hópurinn sjálfur reynslusögur. Katrín reið sjálf á vaðið og svo fylgdu aðrir fordæmi hennar. Helstu stefnumálin eru nú komin niður á blað, skrásetjari notar tölvupóstlista til að deila

niðurstöðum. Hópurinn er með allt sem hann þarf í höndunum til að fullklára stefnu 16. september, segir Katrín, þegar hópurinn hittir Benjamín á ný.

Um 55 manns voru mætt á fyrri deginum í opna samtalið og 45 á seinni deginum, til viðbótar við þá sem mættu á lokuðu fundina sem fóru fram á sama tíma. Úr málefnaþópunum sjálfum var ágæt mæting.

Fram kom að fólkið í málefnaþópunum er mjög jákvætt og þakklátt fyrir að hafa fengið tækifæri til að taka þátt í svon starfi, að hafa verið virkjað. Það hefði ekki gerst nema vegna frumkvæðis flokksins. Þá var rætt um hversu sérfræðingar hafa mikinn áhuga, taka vel í þegar þeir eru beðnir að mæta sjálfviljugir.

3 · Sellur

Rætt var almennt og lauslega um hugmyndina um sellur, sem er byrjað ræða við félagsmenn. Hugmyndinni hefur verið vel tekið meðal þeirra, t.d. í Breiðholti (Fellahverfi).

4 · Strúktúr flokksins

Með hliðsjón af Sósíalistaþingi var rætt um hvernig hægt væri að koma á góðum strúktúr fyrir flokkinn. Allir sammála um að aðalsmerki flokksins ætti að vera virkni almennra félagsmanna, sellustarf, og andstaða við klíkuveldi innan flokks.

Nefnd voru nöfn ýmissa einstaklinga sem hafa lent illa í núverandi stjórn málaflokkum, lent upp á kant við flokksforystu o.s.frv. Eitthvað er um að slíkir einstaklingar séu í flokknum. Nokkrir viðstaddra úr stjórn sögðu sína reynslu af starfi í hefðbundnu stjórn málaflokkunum.

Fundi var slitið fyrir klukkan 22:00